

272. fundur 17. janúar 2008

**Fundargerð 272. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 17. janúar 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Rebekka Eiríksdóttir, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 271. fundar hreppsnefndar 13. desember 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 10. janúar 2008 . Trúnaðarmál, flutt síðast á dagskrá.

**Til afgreiðslu:**

1. Bréf í tölvupósti dags. 13. des. 2007 frá UDN með beiðni um fjárstuðning. Tekið er jákvætt í erindið og vonumst áfram eftir ánægjulegu samstarfi sem hingað til.
2. Kauptilboð í félagsheimilið Vogaland. Ákveðið að fresta sölu Vogalands á meðan gengið er frá lóðarmálum.
3. Bréf dags. 14. janúar 2008 frá Guðmundi Á. Árnasyni með beiðni um að Reykhólahreppur kaupi jörðina Hofstaði í Gufudalssveit af ríkinu. Sveitarstóra falið að senda inn fyrirspurn til Landbúnaðarráðuneytisins um möguleg kaup Reykhólahrepps á jörðinni.
4. Bréf dags. 20. nóv. 2007 frá Iðnaðarráðuneytinu með beiðni um upplýsingar hvar sé mest og brýnust þörf á 3-fasa rafmagni í sveitarfélaginu. Málið er í vinnslu og skýrsla verður send inn fyrir 1. febrúar 2008.
5. Bréf dags. 27. desember 2007 frá Landbúnaðarráðuneytinu varðandi lóð umhverfis kirkju og kirkjugarð á Stað. Hreppsnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína til málsins og sveitarstjóra falið að rita ráðuneytinu.
6. Bréf dags. 4. janúar 2008 frá Félagsmálaráðuneytinu með boði um að senda fulltrúa á ráðstefnu um stefnumarkandi áætlun í barnavernd. Ákveðið að senda ekki fulltrúa.
7. Fjárhagsáætlun 2008, seinni umræða. Samþykkt.

**Til kynningar:**

1. Bréf dags. 28. des. 2007 um breytingar á Stjórnarráðinu. Til kynningar.
2. Bréf dags. 7. jan. 2007 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu vegna yfirtöku leiguréttinda garyrkjubýlis á Reykhólum. Til kynningar.
3. Fundargerð fundar þann 17. des. 2007 sem fámenn sveitarfélög héldu um úthlutunarreglur Jöfunarsjóðs sveitarfélaga. Til kynningar.

Önnur mál.

1. Bréf dags. 14. jan. 2008 frá Vegagerðinni með beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir veginum Hofstaðavegur-vesturlína. Afgreiðslu frestað. Ákveðið að óska eftir fundi með samgönguráðherra og vegamálastjóra.
2. Bréf dags. 11. janúar 2008 frá bændum í Reykhólahreppi með ósk um skipan nefndar sem móti lillögur un nýja skilarétt. Tillaga um Eirík Snæbjörnsson, Tómas

Sigurgeirsson og Halldóru Játvarðardóttur í nefnd sem fjalli um staðsetningu og gerð nýrrar skilaréttar. Samþykkt.

3. Erindi frá Guðmundi Snorrasyni um endurskoðanda fyrir Reykhólahrepp. Samþykkt að fá PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda hreppsins.

Liður 2. fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar, sem er trúnaðarmál. Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 19:25.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)